

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

209

16. des.

Samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:
Birkimel, beggja megin götunnar.
Lindargötu, sunnan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs.
Skólavörðustíg, norðan megin götunnar frá Vegamótastíg að Týsgötu.
2. Stöðvunarskylda á Bjargarstíg við Bergstaðastræti, austan megin götunnar.
3. Stöðumælar settir upp á eftirgreindum stöðum.
Pósthússtræti, vestan megin götunnar, milli Kirkjustrætis og Vallarstrætis.
Píngholtsstræti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.
Skólavörðustíg, sunnan megin götunnar, milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu.
Klapparstíg milli Laugavegar og Grettisgötu.
Lindargötu, norðan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Skuggasunds.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. desember 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

210

18. des.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er:

1. Að vinna að því að byggður verði, eftir því sem við verður komið, sá húsa-kostur, er þarf fyrir búrekstur á jörðum á sambandssvæðinu.
 Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til eru:
 - a) Íbúðarhús.
 - b) Peningshús.
 - c) Hlöður og votheystóftir.
 - d) Þvaggryfjur, safnþrær og haughús.
 - e) Geymsluhús.
2. Að stuðla að því með félagslegu samstarfi, að bændur geti komið byggingunum upp á ódýran hátt, en þær séu þó varanlegar og hagkvæmar fyrir búrekstur á jörðunum.

II. KAFLI

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér.

Ef sambandið tekur að sér byggingar íbúðar- og peningshúsa, ræður stjórnin sér framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins og skal hann hafa umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum, verkfærum og öðru því, er með þarf vegna byggingaframkvæmda sambandsins. Skytt er henni samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa samkvæmt 21. gr. áður nefndra laga.

5. gr.

Stjórnin eða fulltrúi hennar sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð, er svarar til verðgildis þessara eigna eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin eða fulltrúi hennar tekur á móti umsóknum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, er sambandið setur. Hún eða fulltrúi hennar undirritar alla samninga um vinnuástoð, er sambandið veitir, svo um véla- og áhaldaleigu og ákveður í samráði við fulltrúa sinn hvenær og í hverri röð skuli byrja á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún ásamt fulltrúa í samráði við jarðeiganda um staðsetningu bygginga, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni Teiknistofu landbúnaðarins, samanber 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

7. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd sambandsins eftir samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá aðila borið.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

8. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkinu, gerð af Teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt sé fram tekið hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Enn fremur skal tekið fram, að hve miklu leyti hann óski, að verkið sé unnið af sambandinu.

Umsóknir skulu vera komnar til sambandsstjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

9. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 8. gr. ber stjórn búnaðarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykkjar.

Skýlt er að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

10. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar sitji fyrir, eftir því sem unnt var.

11. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé þá farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, er sambandið ynnir af hendi fyrir félagsmenn, greiðist af verkþiggjanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreind verður í samningi, er um það verður gerður. Heimilt er að láta greiðslur fyrir vélakost fara eftir áætluðum verktökum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðaruppgjör sé byggt á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs.

13. gr.

Til kostnaðar telst allur rekstrarkostnaður véla og áhalda, greiðslur fyrningargjalds af þeim veggjamótum, verðhalla véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun leggist í byggingarvélasjóð sambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

14. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er allt að kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —.

Tekjur byggingarsjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar af stofnfénu er styrkur úr ríkissjóði jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggja fyrir samþykki Teiknistofu landbúnaðarins og Nýbýlastjórnar um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Framlag búnaðarsambandsins nemi einum sjötta heildarstofnfjárins.
3. Einum sjötta stofnfjárins sé aflað með árlegum tekjum og öðru, er sjóðnum kann að áskotnast.

210

15. gr.

18. des. Nú kemur síðar í ljós að álitni búnaðarsambandsstjórnar að auka þurfi byggingarvélasjóð og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kjörnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglegra fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingarvélasjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1961.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

211

AUGLÝSING

27. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 18. des. 1961, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1962 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1961.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.